

Samkvæmt framansögðu ber því, svo sem undirdóm-  
arinn hefir gjört, að sykna stefndu af kröfum áfrýjanda,  
og þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði undir-  
dómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann einnig  
að þessu leyti. Samkvæmt þessum úrslitum virðist rétt,  
að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er  
ákveðst 30 krónur.

Þá er í hinum áfrýjaða dómi ákveðið, að setudómar-  
anum greiðist 50 kr. Þar sem þetta ákvæði hefir ekki  
við lög að styðjast, er það felt úr gildi.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndi, hið danska steinoliuhlutafélag í Reykjavík,  
á að vera sykn af kröfum áfrýjanda, bátaábyrgðarfé-  
lags Vestmanneyja, í máli þessu.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi  
stefnda 30 kr., er greiðist innan 8 vikna frá lög-  
birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. dag októbermán.

Nr. 18/1911:

Stefán Stefánsson

gegn

Birni Líndal f. h. Snæbjarnar Björnssonar.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði stefndi Björn Líndal yfirréttarmála-  
flutningsmaður fyrir hönd Snæbjarnar Björnssonar á Búð-

arnesi gegn áfrýjanda Stefáni Stefánssyni bónda á Efsta-Samtúni til greiðslu á eftirstöðvum af jarðarverði, en áfrýjandi gagnstefndi málinu og krafðist skaðabóta hjá stefndu fyrir sammingsrof. Lauk málinu með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 13. maí f. á. svo, að áfrýjandi skyldi greiða stefnda 308 kr. 3 a. mað 6 0/0 ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, að ummæli áfrýjanda um stefnda, »svik-samlegt athæfi« og »fölsun« voru dæmd dauð og ómerk, að stefndi var sýknaður í gagnsökinni, og málskostnaður í aðalsökinni og gagnsökinni látinn falla niður. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. apríl þ. á. og krafist þess að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Dómsgjörðir undirréttarins bera það eigi með sér, að leitað hafi verið um sættir í gagnsökinni, og verður því að vísa henni frá gestaréttinum.

Með afsalshréfi, dags. 15. febr. 1908 seldi stefndi áfrýjanda jörðina Efsta-Samtún í Glæsibæjarhreppi fyrir 1500 kr., og eru það eftirstöðvar af því kaupverði, sem stefndi krefur áfrýjanda um í þessu máli, og taldi hann þær við upphaf málsins 421 kr. 78 a. En síðar viðurkendi hann, að áfrýjandi hefði greitt 90 kr. af þessum eftirstöðvum og dró því þá upphæð með vöxtum, als 90 kr. 39 a. frá kröfu sinni, svo að hún varð 321 kr. 39 a. Að öðru leyti er samkvæmt reikningum málsaðila yfir viðskifti þeirra út af jarðakaupunum að eins ágreiningur milli þeirra um eftirtalda pósta.



Áfryjandi telst hafa greitt stefnda 1 kr., er eigi sé tilfærð í reikningi hans, og með því að stefndi hefir eigi nægilega mótmælt því, verður að draga þessa krónu frá kröfu hans.

Áfryjandi telur borgun fyrir dagsverk, er hann hefir látið stefnda í té, 2 kr. 59 aur., en stefndi telur þessa borgun 3 kr., og verður í þessu atriði að fara eftir reikningi stefnda, þar sem honum verður eigi dæmt frekara en hann hefir krafist. Þá reiknar áfryjandinn sér 7 kr. í húsaleigu fyrir geymslu á ýmsum lausafjarmunum fyrir stefnda, en þessi upphæð getur ekki komið til frádráttar gegn mótmælum stefnda, með því að honum er ekki löglega gagnstefnt til greiðslu á henni.

Stefndi reiknar sér 6% ársvexti af kröfu sinni frá 14. maí 1908 til borgunardags 12. nóv. 1909 og telur þá vaxtaupphæð 35 kr. 35 a. Fyrir yfirdóminum hefir þessari vaxtakröfu verið mótmælt af hendi áfryjanda, en með því að hann hefir í reikningi þeim, er hann lagði fram í gestaréttinum, viðurkent að stefnda beri 6% vextir af eftirstöðvum jarðarverðsins frá greindum tíma  $1\frac{4}{5}$  1908, verður þessum mótmælum ekki sint. Í reikningi þessum taldi hann þó vextina að eins 32 kr. 61 e., sem aðallega lá í því, að hann reiknaði þá aðeins til 17. okt. 1909. En þar sem upphæðin, er vextina ber að reikna af, er rétt talin 385 kr. 53 a. og stefnda var heimilt að reikna þá til stefnudags, verður vaxtakrafan 34 kr. 70 a. eða 65 a. lægri en stefndi telur hana, og verður krafa hans að lækka um þá upphæð. Samkvæmt framansögðu verður krafa stefnda, eins og hún er ákveðin í hinum áfryjaða dómi, eigi færð niður, en það ber að taka til greina kröfu hans um staðfestingu dómsins að þessu

leyti. Svo felst og yfirdómurinn á ákvæði dómsins um ómerking framangreindra ummæla og um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gagnsökinni vísast frá gestaréttinum. Að öðru leyti á gestaréttardómurinn að vera óraskaður. Áfrýjandi Stefán Stefánsson greiði stefnda Birni Lindal fyrir hönd Snæbjarnar Björnssonar 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 37/1911:

Réttvísing

gegn

Óla Magnúsi Arngrímssyni.

Úrskurður.

Áður en dómur er lagður á þetta mál, þykir nauðsynlegt að fengnar verði skýrslur um það, hvort sár það á handlegg Axels Andersens, er hann hlaut af skoti ákærða, sé gróið, að hve miklu leyti handleggurinn hefir náð aftur affli og hreyfingu, og hvort hann verður álitinn notfær að meira eða minna leyti eða ónýtur með öllu til áreynslu.